



Búferlaflutningar litaðir af Covid-faraldrinum

Búferlaflutningar hafa tekið breytingum eftir að faraldurinn braust út. Erlendir ríkisborgarar fluttu margir af landi brott, á sama tíma og færri íslenskir ríkisborgarar fluttu út. Staðan á örðum ársfjórðungi er svipuð því sem sást fyrir faraldur hvað fjölda aðfluttra í heild umfram brottflutta varðar, en samsetningin eftir ríkisfangi hefur tekið breytingum.

Aðflutningur hingað til lands jókst nokkuð á öðrum ársfjórðungi þegar alls 2.490 einstaklingar fluttu til landsins samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands sem er tæplega helmingi fleiri en fluttu hingað til lands á sama ársfjórðungi í fyrra.¹ Fjöldi aðfluttra í heild er nokkuð áþekkur því sem sást á öðrum ársfjórðungi 2019 áður en heimsfaraldurinn braust út. Samsetning aðfluttra hefur þó tekið breytingum þar sem íslenskir ríkisborgarar eru hlutfallslega fleiri en áður.


Brottfluttum fjölgaði nokkuð eftir að heimsfaraldurinn braust út og mælast þeir enn örlítið fleiri en á sama tíma árið 2019. Það eru helst erlendir ríkisborgarar sem hafa flutt af landi brott. Færri íslenskir ríkisborgarar hafa flutt búferlum til útlanda, en heimsfaraldurinn virðist hafa gert það að verkum að margir snéru til síns heima eða frestuðu flutningum til útlanda.

Íslenskir ríkisborgarar fyrirferðameiri en áður meðal aðfluttra


Það vekur athygli að frá því að faraldurinn hófst hafa einstaklingar með íslenskt ríkisfang verið hlutfallslega fyrirferðameiri en áður á meðal aðfluttra. 37% af mannfjöldaaukingunni sem rekja má til búferlaflutninga á öðrum ársfjórðungi þessa árs var vegna íslenskra ríkisborgara sem fluttu heim, en til samanburðar var hlutfallið 8% á örðum ársfjórðungi ársins 2019.

Ef árið í heild er skoðað má sjá að í fyrra fluttu alls 2.667 íslenskir ríkisborgarar til landsins sem er nokkuð áþekkur fjöldi og hefur mælst á síðustu

Aðfluttir umfram brottflutta - ársfjórðungstölur



Aðfluttir umfram brottflutta



¹ Miðað er við skráningu lögheimilis



árum. Einungis 2.161 fluttu hins vegar af landi brott og hafa þeir ekki verið færri síðan 1993. Samanlagt fluttu 506 fleiri íslenskir ríkisborgarar til landsins en frá því í fyrra og hefur sá fjöldi ekki verið meiri síðan 1987.

Erlendir ríkisborgarar fluttu margir af landi brott


Hvað erlenda ríkisborgara varðar fluttu óvenjumargir af landi brott í fyrra eða alls 5.828 sem er mesti fjöldi síðan 2008. Færri fluttu til landsins en á allra síðustu árum, eða 7.562 samanborið við að jafnaði 11.000 á ári á árunum 2017-2019. 1.734 fleiri erlendir ríkisborgarar fluttu til landsins en frá því í fyrra sem er áþekkur fjöldi og sást á árunum 2013 og 2014 áður en hámarki uppsveiflunnar í ferðapjónustu var náð og aðflutningur varð langtum meiri en brottflutningur.

Nú hafa aðfluttir mælst fleiri en brottfluttir meðal íslenskra ríkisborgara fimm ársfjórðunga í röð en slíkt hefur aldrei gerst frá upphafi gagnasöfnunnar á ársfjórðungsgrunni, sem var við upphaf árs 2010. Það hefur í tvígang gerst frá því að faraldurinn hófst að brottfluttir mældust fleiri en aðfluttir meðal erlendra ríkisborgara innan ársfjórðungs en slíkt hafði ekki gerst síðan 2012.

Faraldurinn breytt áformum margra


Af þessari umfjöllun sést að faraldurinn hefur greinilega haft áhrif á búferlaflutninga fólks milli landa, enda breyttist atvinnuástandið um heim allan á svipstundu þegar faraldurinn braust út. Mannfjöldaaukning hér á landi hefur á síðustu árum verið drifin áfram af aðflutningi, en á árunum 2016-2019 var hægt að rekja um 70-80% af mannfjöldaaukningunni á ári hverju til fólksflutninga. Hægt hefur á þeirri þróun og í fyrra var um 50% af mannfjöldaaukningunni vegna fólksflutninga sem er engu að síður nokkuð hátt hlutfall og til marks um að Íslandi sé enn, og verði áfram, ákjósanlegur staður til þess að búa og starfa.

Íslenskir ríkisborgarar



Heimild: Hagstofa Íslands

Erlendir ríkisborgarar



Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggir á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.